

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Alþingi
Erindi nr. P 138/1155
komudagur 8.3.2010

Reykjavík 5. mars 2010.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, með síðari breytingum, 359. mál.

Samkvæmt frumvarpinu er sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra gefin viðtæk heimild til að setja að eigin geðþótta ákvæði um tilhögun vísindaveiða. Sjómannasamband Íslands legst gegn þessu og telur að slík heimild skapi hættu á misnotkun. Sjómannasamband Íslands telur að um vísindaveiðar og tilhögun þeirra eigi að setja skýr ákvæði í lögum sjálf þannig að engin hættu sé á að „vísindaveiðar“ verði stundaðar í öðrum tilgangi en að afla gagna um ástand og veiðipól helstu fiskistofna.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson